

## Lögberg

Gefið út hvern fimtudag af  
THE COLUMBIA PRESS, LIMITED  
695 Sargent Ave., Winnipeg, Manitoba  
Utanáskrift ritstjórnar:  
EDITOR LÖGBERG,  
695 Sargent Ave., Winnipeg, Man.  
Editor: EINAR P. JÓNSSON  
Verð \$3.00 um árið — Borgist fyrirfram  
The "Lögberg" is printed and published by  
The Columbia Press, Limited, 695 Sargent Avenue  
Winnipeg, Manitoba  
PHONE 86 327

## Rafljós og myrkvun

Við vorum fjórir á ferð nýlega í bifreið, að aflokinni hinn árlegu skemtisamkomu lestrarfélagsins á Gimli; það var komið nokkuð fram yfir miðnætti, er við ferðafélagarnir lögðum af stað heimleiðis eftir nokkurra klukkustunda ánægjulega dvöl í "bústað guðanna" norður við Vatnið, þar sem öndvegissúlum íslenskra frumherja í vesturvegi fyrst skolaði á land. Þó komið væri vor, var Winnipegvatn eins langt og augað eygði, eitt óslitið mjallarhaf; veður var svalt, en bjart í lofti, og yfir sléttunni vestrænu hvolfdist heiður stjörnuhiminn í órofa kyrð dulrænnar apríl næturinnar; við nutum forustu hins öruggasta bifreiðastjóra; ferðin sótt ist greitt, og áður en oss varði, vorum við komnir í námunda við Selkirk; þar voru megin-götur enn raflystar þó nótt væri; innan tiltölulega fárra mínútna bjarmaði fyrir Winnipeg, borginni okkar, er deplaði þúsundum rafaugna, eins og hún væri að bjóða okkur velkomna heim; það var eins og við ferðafélagarnir vöknudum af dvala; við fórum að tala um þann feikna mun, sem á því væri, að njóta ótakmarkaðrar raf-ljósadýrðar frá síðdegi til morguns, eða aðstöðu þess fólks, sem orðið hefði, ásamt óteljandi öðrum mannkúgunarstimplum, myrkvun þýzku Nazistastefnunnar að bráð.

Okkur flaug Pólland í hug, þar sem flest er í rústum og myrkur yfir djúpinu; okkur fanst sem að hlustum okkar bærst um óravegu óm-ur af frelsisbæn Pólvérja:

Guð, þú sem vorri ættjörð skýldir áður, alvaldi guð, sem vilt að hún sig reisi. Lít þú í náð til lýðsins, sem er þjáður, lagður í fjötra jafnt í borg sem hreysi. Guð, heyr vort óp, þess grættir vér þig biðjum, gef oss vort land og frelsa það úr viðjum."

Ög nú hefir stór hópur annara saklausra þjóða sömu sögu að segja og Pólland, er hrópa til Guðs um lausn úr helheimi Hitlers-myrvunarinnar. Danmörk situr í myrkri, og Noregi er að blæða til ólifis. Og upp að háseti Guðs stiga heitar bænir allra hreinræktaðra Íslendinga um, að íslensku þjóðinni verði forðað frá rammagaldri þeirra skaðsemdarafa, sem slókt hafa á vitum heilagra mannréttinda með öðrum þjóðum; að land feðra okkar, og mæðra, megi í aldir fram halda áfram sköpunarsögu sinni við hækkanði frelsisbjarma komandi dags.

Gyðinga sagan er saga merkrar þjóðar, og á að engu fremur skylt við kerlingarsögu, en saga annara þjóða. Gyðingabjórðin hefir öldum saman verið hundélt fyrir þá sök, að hún hefir ávalt viljað vera hún sjálf. Og nú er það eitt af höfuðboðorðum Hitlers, að þurka þessa gáfuðu, dreifðu þjóð með öllu út af jörðinni; og þó furðulegt sé, verður maður þess var, hér og þar, að slíkt tiltæki eigi skylt við land-hreinsun, og sé að öllu leyti réttmætt.

Nú er bifreiðarstjórinn farnir að hægja á ferð, því við ferðafélagarnir vorum komnir inn yfir landamerki borgarinnar, og ferðinni rétt um það að verða lokið; samtal okkar, rétt áður en við kvóddumst laut að því, hve þakk-lát við mættum vera, sem land þetta byggj-um fyrir það frelsi, sem við njótum, þó rétti-lega megi eitt og annað að einu og öðru finna; hve enn sé hér hátt til lofts og vitt til veggja við hækkanði hugsjónir vaxandi lýðfrelsis.

Borgin, eða réttara sagt langmestur hluti borgarbúa var nú í fasta svefni; yfir þessari fviðdu rafljósaborg, höfuðborg Íslendinga vestan hafs, hvolfdist ómællilegur stjörnugeim-urinn — draumur Guðs.

## Íslendingar skjálfa af kulda í Philadelphia

Þannig er fyrirsögn á fréttagrein í blaðinu "Philadelphia Record" 26. marz síðastliðinn. Greinin er útdráttur úr viðtali fréttaritara við sex unga íslensku námsmenn þar í borginni.

"Veðrið er kaldara í Philadelphia en á Íslandi en stúlkurnar eru það ekki." Þetta er sam-

hljóma vitnisburður sex ungra Íslendinga hér í borginni, sem allir eru að fullkomna sig í námi við lyfja- og visindaskólann, og fellur þeim námið ágætlega.

Þeir komu hingað á varðskipum, eftir hætту-legal og langar krókaferðir sem varði í margar vikur. Fjórir þeirra komu í september í haust en hinir fyrir tveimur mánuðum; en þeir hafa allir verið hér nógu lengi til þess að breyta að ýmsu leyti þeim hugmyndum, sem þeir höfðu um þetta land og íbúa þess áður en þeir komu. Þeir hafa yfirleitt mætt miklu vingjarn-legri móttökum en þeir áttu von á; er þeir lýsa vonbrigðum sínum í sambandi við ame-rískar lyfjabúðir og þeir eru hálf hissa á því að hafa ekki mætt neinum ræningjum, sem svo mikið veður er gert af í hreyfimyndum og sýningum að vestan.

Þessir ungu gestir eru á aldrinum frá 22 til 28 ára, allir útskrifaðir stúdentar með sex ára námskeið að baki sér sem svarar til miðskóla hér og þriggja ára háskólanámi. Þeir tala allir laukréttu ensku. Að útliti til eru þeir alveg eins og venjulegir amerískir menn.

Á venjulegum tímum hefðu þeir fullkomnað nám sitt í Evrópu — sennilega í Danmörku. Hafi þeir efast um það áður að hér væri um fullkomið nám og góða kenslu að ræða þá hafa þeir nú þegar sannfærst í því tilliti. Vér gátum þess að þeim félli vel á skólanum. og þá má bæta við að kennurinn fellur ekki síður vel við þá: "Þessir piltar eru allir góðir námsmenn og hafa staðið sig ágætlega við prófin", sagði Dr. E. Fullerton Cook forstjóri lyfjafraeðisdeildarinnar.

En þegar þessir gestir eiga að segja álit sitt um lyfjabúðir í Vesturheimi kveður við annan tón:

"Lyfjabúðirnar hér eru miklu líkari kaffi-stofum", sagði Ivar Danielsson.

"Lyfjafraeðsla er miklu fullkomnari hér en lyfjabúðirnar," sagði Sigurður Magnússon. "Á Íslandi eru lyfjabúðirnar miklu stærri — þar vinna að meðaltali 40 til 50 manns — og þar er ekkert selt nema meðul og ef til vill lítið eitt af fegurðarlýfjum — engin ísrjómi, engar brauðsneiðar, engin skrifföng. Íslendingar heima mundu ekki stíga fæti sínum inn í lyfjabúðir líka þeim, sem þið hafið hérna."

Lyfjabúðirnar eru tiltölulega miklu færri á Íslandi en í Ameríku; þar er að meðaltali ein lyfjabúðir fyrir 12 500 íbúa, en hér er að meðal-talið einn fyrir 2000 manns. Lyfjabúðirnar á Íslandi eru jafnframt lyfjagerðarhús.

Þessir námsmenn segja það hreinskilningslega að Ameríkumenn séu miklu viðkunnalegri en þeir hafi gert sér í hugarlund. Þeir segjast hafa átt hægt með að kynna amerísku stúlkunum.

"Þær eru alveg eins og stúlkurnar heima," sagði Matthías Ingibergsson: "nema að því leyti að þær eru meira blátt áfram og það er auðveldara að kynna þeim. Við höfum mætt vinsemd og kurteisi hjá öllum, sem við höf-um kynst."

"Það er mér gleðiefni að eg kom hingað," sagði Kjartan Jónsson: "Við áttum alls ekki von á svona góðum viðtökum, fólk er miklu vingjarnlegra en við höldum."

"Er það satt að kaldalega sé tekið á móti amerískum hermönnum á Íslandi," var spurt.

"Það er ekki vegna þess að þeir eru Vestur-heimsmenn, heldur sökum hins, að þeir eru hermenn," svaraði Sigurður Ólafsson: "Auðvitað höfum við samhygð með Bandaríkja-mönnum og því sem þeir aðhafast, en samt sem áður er það erfitt að sýna vinnáttu gagn-vart herliði sem flutt hefir inn í landið."

"Hinn margræddi kuldi, sem sagt er að ís-lenskar stúlkur sýni amerískum hermönnum," sagði einn stúdentanna, "er að nokkru leyti afleiðing þess að setuliðshermanni er bannað það bæði af herstjórn Bandaríkjanna og af stjórninni á Íslandi að kvogast íslenskri stúlkú."

Ísland er ekki kalt land, eins og hér er alment álitid," sagði Kjartan Jónsson: "Hér halda menn að við hljótum að vera Eskimóar. Sannleikurinn er sá að þar er aldrei kaldara en 10 fyrir ofan frostmark."

"Kaldasti vetur, sem eg hefi komið út í, er einmitt hérna í Philadelphia", sagði Sigurður Magnússon.

Þegar þessir gestir koma aftur til ættjarðar sinnar að afloknu námi, segjast þeir ætla að gerast talsmenn og fulltrúar vinnáttu og virð-ingar gagnvart Vesturheimi.

Nöfn hinna ungu námsmanna eru þessi: Ivar Danielsson, Kjartan Jónsson, Sigurður Jónsson, Sigurður Ólafsson, Sigurður Magnússon og Matthías Ingibergsson. Bláðið flytur af þeim ágæta mynd.

Sig. Júl. Jóhannesson þýddi.

## Skipastóll Íslendinga hefir minkað um 3,000 smál. á tveimur árum

Nýútkomin Hagtíðindi birta lista yfir skipastól Íslendinga í árslok 1942. Samkvæmt honum hefir skipastóllinn minkað um 3000 smál. á tveimur árum. Árið 1940 áttu Íslendingar skipastól er nam 43.476 brúttó smál. 1941 var skipastóllinn 41.233 smálestir og í árslokun síðustu 40.575 smálestir.

En þrátt fyrir að smálesta-talan hafi minkað, hefir tölu skipa, sem eru 12 smálestir og stærri, fjölgað. Við síðustu áramót áttum við 627 skip, en ekki nema 602 árið 1940. Gufuskip-um hefir hinsvegar fækkað, því 1940 áttum við samtals 78 gufu-skip, en ekki nema 59 í árslok 1942.

Allur þórrinn af þessum skip-um eru fiskiskip. Eftir notkun þeirra skiptast þau þannig:

Botnvörpuskip 31, alt gufu-skip, önnur fiskiskip 576, þar af 18 gufuskip, farþegaskip 8 5 gufu- og 3 mótorskip, vöru-flutningaskip 8, 4 gufu- og 4 mótorskip, varðskip 2, bæði mótorskip, björgunarskip 1 og dráttarskip 1.

Af farþegaskipunum eru 5 gufuskip. Brúarfoss, Dettifoss, Goðafoss, Lagarfoss, og Súðin, en 3 mótorskip: Esja, Fagra-nes og Laxfoss. Vöruflutninga-skipin eru: Selfoss, Fjallfoss, Hermóður og Katla, gufuskip, og Arctic, Skeljungur, Skaffell-ingur og Baldur frá Stykkis-hólmi, mótorskip. Varðskipin eru: Ægir og Óðinn, mótorskip. Björgunarskipið er Sæbjörg, og dráttarskipið er Magni, eign Reykjavíkurhafnar.

Frá næsta hausti á undan hef-ir skipum fjölgað um 27, en lesta-talan samt lækkað um 658 lest-ir. Mótorskipum hefir fjölgað um 33 og lestatala þeirra hækkað um 900 lestir. Hinsvegar hef-ir gufuskipunum fækkað um 6 og lestatala þeirra lækkað um 1558 lestir. Reyndar hefir 1 gufu skip best við, sem var keypt strandað og síðan gert við, en aftur á móti hafa 7 fall-ið í burtu. Eitt þeirra er komið í útlenda eigu, Gullfoss, 3 hafa farist, Fróði, Jón Ólafsson og Sviði, en 3 hefir verið breytt í mótorskip. Þó að mótorskipun-um hafi fjölgað, hafa samt líka mörg þeirra fallið burtu á árinu. Í Sjómannaalmanakinu er talið, að 15 þeirra hafi strandað eða farist á annan hátt, en 2 verið rifin.

Mbl. 12. marz.

## 100 ára minning tilskipunar um endurreisn Alþingis

Saga Alþingis verður fullgerð 1945.

Alþingi mintist 8. marz merki-legra tímamóta. Þá voru 100 ár liðin frá því að gefin var út tilskipun um endurreisn Alþingis. Þessi tilskipun var gef-in út 8. marz 1843, en fyrsta endurreista þingið kom saman 1. júlí 1845.

Alþingi minnst þessara tíma-móta með sérstökum dagskrár-lið á fundi í Sameinuðu þingi. Þessi dagskrárliður er: 100 ára minning tilskipunarinnar um endurreisn Alþingis. Forseti Sp., Haraldur Guðmundsson flutti ávarp.

Á þessum þingfundi var einnig lögð fram, rædd og afgreidd ný þingsályktunartillaga um sögu Alþingis. Flutnings-menn tillögunnar eru þeir Har-aldur Guðmundsson, Jóhann Jósefsson, Steingrímur Aðal-steinsson og Jörundur Brynjólfs-son.

Þingsályktunartillagan er sv-ohljóðandi:

"Alþingi ályktar að fela 5 manna nefnd, er ríkisstjórnin skipar, að láta fullgera sögu Al-

þingis, þá er fyrirhugað var að gefa út á 1000 ára hátíð þings-ins 1930, með svipaðri tilhögun og ráð var þá fyrir gert, ásamt viðauka, er fjalli um tímabilið eftir 1930, enda sé miðað við, að ritið komi út á árinu 1945, þeg-ar liðin eru 100 ár frá endur-reisn Alþingis.

Fjórir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokka, og nefnir hver þeirra einn mann, en hinn fimti skal skipaður án tilnefningar. — Nefndin kys sér sjálf formann.

Kostnað að útgáfunni og af störfum nefndarinnar skal greiða úr ríkissjóði."

Í greinargerð segir:

Með tilskipun frá 8. marz 1843 var ákveðið að endurreisa Alþingi, og kom hið endurreista þing saman í fyrsta sinni 1. júlí 1845.

Flutningsmönnum þessarar til-lögu þykir hlýða, að minnst sé þessara merkilegu tímamóta í sögu þingsins með þeim hætti m. a. að þingið geri ráðstafanir til þess, að fullgerð verði saga þess og hún gefin út á 100 ára afmæli hins endurreista Alþingis, 1945, en drög til alþingis-sögunnar eru mörg fyrir hendi. Mbl. 7. marz.

## Þakkarorð og rabb

Löng er vist í liðagigt liggja þrjá mánuði á eigin reynslu er það bygt og aldrei verður framhald trygt, þó vonirnar við veruleikann suði.

Þessar ljóðlinur eru hvorki fréttmætar né frumlegar. Þetta er svo algengt og hversdags-legt, að rosknir menn séu alls-lags kvillum haldnir, ekki er það heldur skrifað í þeim til-gangi að eg óski eða vænti neinn ar samhygðar né sjúkrastyrks, heldur aðeins að geta þess manns sem gerði mér þennan tíma ekki aðeins þolanlegan, heldur skemtilegan hvíldartíma því þótt eg gæti mig lítið hreyft, tók ekki út neinar kvalir þegar eg hreyfði mig ekkert. Eftir að vera búinn að vera eina viku á sjúkrahúsi á Gimli átti eg tal við lækni þar Dr. K. John-son sem bæði er lækni góður og ljúfmenni og var hann svo hreinskilinn að láta mig vita að þetta mundi geta orðið lang-vint og það eina sem lækni-sfræðin þekti væri heitir vatns-bakstrar og þó sólar og sumar-hitinn bestur; leist mér þá illa á þá hlöðna, sem að kostnað-inum laut, enda þótt eg kynni vel við þær syndlausu systur nunnurnar; spurði lækni þinn mig hvort eg ætti enga kunn-ingja á Gimli, en þá átti eg fáa, enda heyrði eg að svo þróngt væri þar í hverju húsi að gamalmenni, sem annars voru ekkert veik urðu að vera á sjúkrahúsinu; var það því bæði undrun og ánægja fyrir mig þegar lækni þinn sagði mér næsta dag að hann tæki mig til Jó-hanns Sæmundssonar, sem er stutt frá húsi læknisins; þar var eg svo yfir þrjá mánuði.

Enda þó eg kannaðist vel við Jóhann Sæmundsson, sem er af Íslandi úr sömu sýslu og eg, og hér heyrði eg hans líka oft getið, vorum við sem sagt ekki neitt persónulega kunnugir; gat honum því ekki gengið neinn vanalegur vinskapur til allra sist á batavon, heldur aðeins hjálp-fýsi og hjartagæska. Það sem eg vissi um Jóhann heima var að hann þótti með beztu verk-mönnum, en hér heyrði eg hans getið sem ráðeildar og reglu-manns og búmanns í bezta lagi. Eg býst við að eg hafi snert af kvilla sem kvelur marga að álíta þá alla auðs og efnishyggu menn sem fjármunalega eru sjálfstæðir en þetta á hvergi við um Jóhann, heldur hitt að hann er víðsýnn mannúðarmaður frjáls og félagslyndur, enda þó hitt standi óhaggað um verk-lægni hans og vinnuþrek og til

marks um það er að núna síðast-liðinn vetur er hann búinn að spinna og þrjú hundruð þór af veltungum auk annarar vinnu og sagar tvö korð af við á dag í vanalega stórlengd, þetta mun einsdæmi um hálf-áttæðan mann. Þó virðist hann altaf hafa tíma að gera öðrum greiða, sem hans leita, sem eru bisna margir sem eru hjálpar-þurfar á margan hátt, og aldrei leið sá dagur að hann læsi ekki eitthvað, mér og sér til skemt-unar, hann er mjög bókhneygður og hefir góðan skilning á bókum og fáa betri stuðnings-menn hygg eg Lestrarfélagið eigi en hann.

Það eru aðeins tvö ár síðan hann fluttist til Gimli og bygði þar hús fyrir það að hann þolði ekki orðið erfiðsvinnu en lét búið í hendur syni sínum en ekki var hann fyr búinn að fullgera húsið en hann tók gamalmennið Magnús Sigurðs-son frá Storð auk hans hefir nálega alt af verið þar einhver sem hefir verið undir lækni-s-hendi en of fátækt til að vera á sjúkrahúsi og af eigin reynslu get eg borið um það að það er ekki gert í hagnaðarskygni því því er fremur tap en tekjur með þeirri aðbúð sem þar er. Því til sönnunar nægir að sjá og heyra gamla ættfræðinginn Magnús áttafati og sjó ára alt af blöðun og brosandir ræðinn og rannsak-andi íslenska ættfræði.

Eg býst við sumum finnst þettað vera óþarflega orðmargt og efni og orðfæri sé fremur fátæklegt, en mér finst eg eigi fullan rétt á að blöðin birti þetta þar sem í hverri viku eru lof-samleg ummæli um nálega alla sem einhverju lærdómsprófi ljúka, að ekki sé nefnt ef einhver nær þingstöðu eða öðrum embætt um án þess nokkur viti fyrir-fram hvort það verður til gagns eða gæfu fyrir þá eða aðra, en hitt geta allir sagt og sannað sem til þekkja sá sem lokið hef-ir sjöti og fimm ára lífsprófi með dáð og drengskap, honum á land og þjóð mikið að þakka, þó hann hafi ekkert embættis-próf tekið, en þess sér maður sjaldan getið nema þá helst í sambandi við gull eða silfur-brúðkaup, þó aðeins ef veizla hefir verið haldin, verður því oft eins og matarlykt af þess-háttar umsögnum, en svo má segja að nálega allir eigi von á æfiminningu við síðasta áfang-ann, en þær eru oftast svipaðar á hverja hliðina sem oltið hefir. Í vanalegum þakkar ávörpum eru oftast nefnd nokkur nöfn, og svo ótal fleiri sem Guð er beðinn að blessa af ríkdómi sinnar náðar, þessari reglu vil eg fylgja aðeins að sleppa úr þessu ótal fleiri, því þó einstaka maður heimsækti mig tók eing-inn virkan þátt í kjörum mín-um nema Jóhann og hans heimili.

Hnausar 17. apríl 1943.

Daniel Halldórson.

## Wartime Prices and Trade Board

Skömtunardeild W. P. & T. B. hefir ákveðið að láta bændur hafa seðla til þess að kaupa þakamt af sykri te og kaffi, einn-ig smjör, ef þess þarf, þegar þeir bæta við sig vinnufólki sem ekki er hjá þeim nema nokkra daga.

Beiðnir eiga að sendast á næstu skrifstofu Local Ration Board. Hver umsækjandi verður að taka fram hve margt vinnufólk hann mun ráða til sín, og hve lengi hver um sig verði hjá honum, einnig, hve margar máltíðir í alt verði veittar þessu fólk á meðan það er í hans þjónustu.

Ef smjör er framleitt á heim-ilinu, er ekki nauðsynlegt að biðja um smjörseðla, nema að það sem búið er til heima fyrir hrökkvi ekki til, og bóndinn verði því að kaupa viðbót í